



Landssamband æskulýðsfélaga

Sambandsþing LÆF 2009

Haldið miðvikudaginn 20. maí 2009 í húsnæði KFUM og K.

Mættir: Hjördís Jónsdóttir (HJ) SÍNE, Unnur Hjálmaradóttir (UH), Ágústa Ósk Aronsdóttir (ÁÓA) og Svava Traustadóttir (ST) URKÍ, Teitur Helgason (TH) AIESEC, Jóhanna Guðmundsdóttir (JG) AUS, Ragnar Sigurðsson (RS) og Karl Óðinn Guðmundsson (KÓG) FSHA, Andrea Elín Vilhjálmadóttir (AEV) SÍF, Bogi Benediktsson (BB) og Kristinn Þór Schram Reed (KÞSR) KSH, Gísli Davíð Karlsson (GDK) SHÍ, Hlini M Jóngeirsson (HMJ) SUF. Auk þess sátu fundinn Jón Þorsteinn Sigurðsson (JÞS) formaður, Sindir Snær Einarsson (SSE) varaformaður, Rakel Brynjólfadóttir (RB) ritari og Hildur Tryggvadóttir Flóvenz (HTF) framkvæmdastjóri.

1. Þingsetning.

JÞS formaður hélt stutta tölu og setti þingið.

2. Kosning þingforseta og þingritara.

JÞS stjórnaði kjöri þingforseta og þingritara. Gerð var tillaga að Gísli Davíð Karlsson (GDK) yrði þingforseti og var það samþykkt samhljóða. Gerð var tillaga að Eyrún Ellý Valsdóttir yrði kjörin þingritari og var það samþykkt samhljóða.

3. Kosning kjörbréfanefndar.

Tillaga lögð fram um að þeir sem sitji sambandsþingið hafi kosningarétt enda búið að skrá alla inn og afhenta kjörspjöld og því ekki kosið til kjörbréfanefndar. Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. Inntaka nýrra aðildarfélaga og úrsagnir

JÞS sagði frá því að tvö félög hafi sagt sig úr LÆF á síðasta ári; Samfés sagði sig úr til að liðka um fyrir LÆF. Ný-Ung, sagði sig úr LÆF án margra skýringa.

5. Skýrsla sambandsstjórnar

JÞS fór yfir skýrslu stjórnar og stiklaði á stóru á árinu 2008. Framkvæmdastjórnarskipti voru nokkur en þrjú framkvæmdastjóra störfuðu á árinu 2008. Í maí var starfshlutfall lækkað úr 100% í 50%. Frá áramótum 2009 er það í 60%.

Sambandsþingi frestað í apríl vegna fámennis en núverandi stjórn var kosin í maí 2008 á nýju sambandsþingi sem boðað var til.

Þegar nýr framkvæmdastjóri tók við í apríl 2008 var fjárhagsstaðan slæm og tóku við miklar aðhaldsaðgerðir í fjármálum auk þess sem útistandandi skuldir voru greiddar.

22 félög eru nú aðildarfélög í LÆF eftir að 2 félög sögðu sig úr félaginu árið 2008.

Innra starf var endurskoðað; sýnileiki út á við/ góð samskipti við aðildafélög og önnur félög sem vinna að málefnum ungs fólks og mannréttindum.

Verkefni á árinu: Ný heimasíða, Æskulýðsgáttin; námskeið fyrir í sálrænum stuðningi . Það kom fram á námskeiðinu að þetta væri eitthvað sem LÆF ætti að halda áfram að vinna að. Fleiri námskeið eru á dagskránni á næstunni. Samstarf var við Urkí um verkefnið Hendum fordómum sem var á menningarnótt. Unnið var að verkefni í

samstarfi við Unicef. Bókasafni var komið á fót auk þess sem alþjóðastarf var blómlegt. JFS sagði frá því að ýmis tækifæri séu á að sækja námskeið og ráðstefnur í Evrópu og hvatti aðildarfélög til að nýta sér það sem í boði er.

Skýrslan var samþykkt samróma.

6. Ársreikningur.

JFS starfandi gjaldkeri sagði frá því að ársreikningar ársins 2007 hafi verið samþykktir af skoðunarmönnum á árinu 2009. Þeir reikningar voru samþykktir á sambandsþingi 2009 með fyrirvara um samþykki skoðunarmann. Skoðunarmenn skoðuðu reikninga 2008. Skoðunarmenn voru Kjartan Due Nielsen og Þráinn Sigvaldason. Rekstrartekjur voru 5, 8 mkr., 5 mkr. frá fjárlaganefnd, aðrir styrkir og framlög um 790 þús kr. Rekstrargjöld voru 4,5 mkr. og rekstrarhagnaður 1,3 þús kr. Eignir félagsins eru 407 þús og skuldir 217þús.

TH spurði um sundurliðun 4.3. þar sem er ýmis kostnaður upp á 275.051kr. Svarað var að stærsti kostnaður þar lægi í viðgerð á tölvu félagsins sem hrundi.

Bent var á að liður 1 í sundurliðun með ársreikningi væri nákvæmlega eins og upplýsingar sem koma fram í rekstrarreikning og því ekki um neina aukna skýringu að ræða.

Reikningurinn var lagður undir atkvæði og *samþykktur samróma.*

7. Rekstraráætlun og árgjald.

HTF fór yfir framkvæmdáætlun fyrir árið 2009. Umsókn til fjárlaganefndar skilað 1. október. Sótt var um tæpar 11 mkr. en fengust 5 mkr. Fjárhagsáætlun var endurskoðuð eftir að ljóst var hve mikið fjármagn fékkst.

Gjöld:

- a. Laun framkvæmdastjóra er langstærsti fjármagnsliðurinn, auk leigu.
- b. Árgjaldið til European Youth Forum hefur flókt vegna gengis. Árgjaldið árið 2009 lækkaði frá árinu 2008 í evrum en ekki í krónum. Eandarlegt gjald fyrir árið 2009 var 160 þús.
- c. Fundarkostnaður er kostnaður við sambandsþing og fulltrúaráðsfundi.
- d. Undir liðnum útgáfa og verkefni er stefnt að vinna að nýjum kynningarbæklingi fyrir LÆF og ýmsu efni. Helstu verkefni verða í formi námskeiða fyrir aðildarfélög. Í gangi er m.a. umsókn um að halda námskeið í mannréttindafræðslu fyrir aðildarfélög. Hugmyndir að öðrum verkefnum er að koma á fót æskulýðsmiðstöð og kynna atvinnurekendum kosti þess að vera í sjálfboðnu starfi.
- e. Ferðakostnaður kemur fram í gjöldum en á móti koma tekjur þar sem flest allar ferðir sem farnar eru fást endurgreiddar.

Tekjur:

- f. Styrkir v. útgáfu og verkefna er sett inn því sækja þarf um styrki fyrir nánast öllum verkefnum og útgáfu sem fram fer á vegum félagsins.

TH spurði um fundarkostnað. Var því svarað að í honum fælist prentun á fundargögnum, veitingar á fundum og gert er ráð fyrir að þurfa að leigja salarkynni fyrir fundi.

JFS lagði til að árgjald yrði óbreytt, 5000kr. *Samþykkt samróma.*

8. Tillögur og ályktanir

Engar tillögur eða ályktanir bárust frá aðildarfélögum og engar frá stjórn.

HLÉ.

9. Lagabreytingatillögur

UH formaður laganefndar fór yfir tillögur frá lagabreytnganefnd og sagði frá starfi hennar. Í nefndinni sátu auk UH, Davíð Örn Sveinbjarnarson fyrrum stjórnarmaður í LÆF og HTF framkvæmdstjóri LÆF. Fram fór djúp endurskoðun á lögnum. Lagt til að farið sé yfir allar breytingatillögur í einu og síðan farið í umræður og samþykktir á breytingum.

1.gr:

Við 1.ml. bætast við orðin skammstafað LÆF.

Nafn félagsins á ensku verður the Icelandic Youth Council

Samþykkt

4.gr:

Í a-lið 4gr. verðar orðin alls staðar af landinu felld út - Samþykkt

*Í b-lið 4gr. verði felldur út sviginn og það sem innan hans stendur. Í staðinn skal bætast við greinina og starfa ekki undir stjórnvaldi eða öðrum opinberum aðilum. – Lögð var fram breytingatillaga svo hljóðandi: *Eru lýðræðisleg, frjáls og sjálfstætt starfandi félög. – Breytingatillagan samþykkt.**

Í c-lið 4gr. verða orðin einkum á aldrinum sex til tuttugu og fimm ára felld út. - Samþykkt

Í f-lið 4gr. bætist við á eftir orðinu litarháttar orðið aldurs. - Samþykkt

*Við 4gr. bætist við 2.mgr og verði hún svohljóðandi: *Æskulýðsfélög sem starf á vegum opinberra stofnanna geta fengið áheyrnaaðild. Félag sem hafa áheyrnaaðild hafa fullan aðgang að félaginu en hafa ekki atkvæðisrétt á fulltrúaráðsfundum eða sambandsþingi og geta ekki átt fulltrúa í stjórn. Félagum með áheyrnaaðild ber að greiða árgjald til félagsins og hafa vilja til að starfa samkvæmt lögum þessum. – Samþykkt.**

5. gr:

Í fjórða ml. verður orðinu aukaðild skipt út fyrir orðið áheyrnaaðild. – Samþykkt.

Alls staðar þar sem orðið framkvæmdastjórn kemur fyrir verður því skipt út fyrir stjórn - Samþykkt

8. gr:

Í 3.ml. 8.gr. falla út orðin enda sé það skilyrði fyrir þátttöku félagsins í LÆF. - Samþykkt

9. gr:

*2. og 3. ml falla út og nýr 2. ml. verður svohljóðandi: *Þingið skal koma saman fyrir lok maí ár hvert. Nýr 3. ml verður: *Boða skal skriflega til þings með minnst 5 vikna fyrirvara. Nýr 4. ml. verður: *Stjórn fer með skipulag og undirbúning sambandsþings - Samþykkt****

12. gr:

Í 1. ml. skipta orðunum þing LÆF út fyrir sambandsþing. Nýr 2. ml. verður svohljóðandi: *Hverju félagi er heimilt að senda auka fulltrúa á sambandsþing og hafa þeir fulltrúar málfrelsi og tillögurétt.* 2 ml verður 3. ml, sem verður 4. ml sem verður 5 ml. Nýr 6. ml. verður svohljóðandi: *Stjórnarmenn hafa ekki atkvæðisrétt og geta ekki setið sem fulltrúar sinna aðildafélaga - Samþykkt*

13. gr:

Í 1.ml. er orðunum þing LÆF skipt út fyrir orðið sambandsþing - Samþykkt

14. gr:

Í 1.ml. er orðinu framkvæmdastjórn skipt út fyrir orðið stjórn og orðunum þing LÆF skipt út fyrir orðið sambandsþing - Samþykkt

16. gr:

Í 1.ml. er orðunum þing LÆF skipt út fyrir orðið sambandsþing.
Við 1.ml. bætist: og löglega hafi verið til þess boðað samkvæmt 9.gr. þessara laga.
2. ml. fellur niður en í stað hans kemur svohljóðandi ml.: *Heimilt er að boða til auka sambandsþings og gilda sömu reglur um lögmati þeirra og venjulegra sambandsþinga - Samþykkt*

18. gr:

2.ml. 18.gr. fellur á brott.
3.ml. verður 2.ml og þar skiptist orðið tilvikum út fyrir orðið ákvörðunum.
Samþykkt

19. gr:

1. ml.. fellur út og í staðin kemur eftirfarandi ml.: *Dagskrá sambandsþing skal vera eftirfarandi:*
Merkja skal dagskráliði sambandsþings með tölustöfum.
Í 1. dagskrálið bætist við: og kosning þingforseta.
2. dagskráliður breytist og verður eftirfarandi: *Kosning þingritara og kjörbréfanefndar.*
3. dagskráliður dettur út.
4. dagskráliður verður 3. dagskráliður og verður eftirfarandi: *Inntaka nýrra aðildarfélaga*
5. dagskráliður verður 4. dagskráliður og verður eftirfarandi: *Skýrsla stjórnar lögð fram til umræðu*
6. dagskráliður verður 5. dagskráliður og verður svohljóðandi: *Ársreikningar lagðir fram til umræðu og atkvæðagreiðslu*
7. dagskráliður verður 6. dagskráliður og verður svohljóðandi: *Fjárhags- og framkvæmdaáætlun lögð fram til umræðu*
7. dagskráliður er nýr og verður svohljóðandi. *Árgjald*
Í 10. dagskrálið er orðunum aðalfulltrúa undirdeilda skipt út fyrir orðunum fulltrúum í fulltrúaráði.
Í 11. dagskrálið dettur orðið og út og kemur komma í staðinn og bætist við eftir orðið *alþjóðafulltrúa og tveggja varamanna.*
14. dagskráliður fellur brott
Samþykkt auk tillöga um lagfæringar stafsetningu í lögnum í heild.

20. gr:

Á eftir 1.ml. bætist við nýr ml. svohljóðandi: *Skal tilnefning hafa borist stjórn eigi síðar þremur vikum fyrir sambandsþing.*

Í 2.ml. er orðunum fulltrúaráði slíkt með viðeigandi embættisbréfi skipt út fyrir það stjórn LÆF.

Í 4.ml. skiptast orðin við aðildarfélögin gagnvart LÆF fyrir orðin aðildarfélaga við LÆF. Samþykkt

21. gr:

Á eftir 4.ml. bætist við nýr ml. svohljóðandi: *Formaður stjórnar er jafnframt formaður fulltrúaráðs - Samþykkt*

V. kafli breytist úr *Framkvæmdastjórn í Stjórn - Samþykkt*

23. gr:

1.ml. breyttist og verður svohljóðandi: *Í stjórn skulu kosnir fimm aðalmenn og tveir varamenn, óháð deildum, til að fara með daglegan rekstur félagsins – Samþykkt*

Við 3.ml. bætist á eftir alþjóðafulltrúa og tveimur varamönnum sem skulu sitja stjórnarfundum í fjarveru aðalfulltrúa.

Lögð var fram breytingatillaga svohljóðandi: *og tveimur varamönnum sem skulu sitja stjórnarfundum með málfrelsi- og tillögurétt en atkvæðisrétt í fjarveru aðalfulltrúa – Breytingatillagan samþykkt.*

4.ml. bætist við og verður svohljóðandi: *Kjörgengi til stjórnar hafa allir félagsmenn fullgildra aðildarfélaga á aldrinum 18-35 ára - Samþykkt*

25 gr:

3. ml. fellur brott - Samþykkt

28. gr:

Í 3. ml. falla orðin er heimilt að sitja út fyrir situr - Samþykkt

29. gr:

Fellur undir V. kafla og verði svohljóðandi: *Stjórn skal hafa frumkvæði að því að koma á samstarfi og auknum samskiptum milli aðildarfélaga, jafnvel í formi stofnunar sérstakra undirdeilda eftir því sem við á hverju sinni - Samþykkt*

32. gr. og 33. gr:

Teknar fyrir saman: Í 2. ml. 32. gr. fellt út *endurskoðaða* og í 33.gr. 1.ml. falla út orðin af *löggiltum endurskoðanda*. Í 33.gr. 2.ml. bætist við á eftir orðinum *fulltrúaráði* orðin *eða stjórn* - Samþykkt með 10 af 13 atkvæðum

34. gr:

2. ml. verði svohljóðandi: *Skal þá skipa skiptanefnd sem í sitja sjö fulltrúar, þó aldrei fleiri en einn frá hverju aðildafélagi - Samþykkt*

35. gr:

Í 4. ml verði orðunum *löglegan aðalfund* breytt í *löglegt sambandsþing* - Samþykkt

Allar breytingar í heild sinni samþykkt.

Umræður um lagabreytingar:

4.gr. b-liður : Laganefnd benti á að hér væri fyrst og fremst markmiðið að taka út ensku í lögnum. FSHA taldi að með þeirri tillögu sem lá fyrir væri verið að útiloka stúdentahreyfingarnar frá starfi í LÆF. FSHA lagði því fram breytingatillögu við b-lið og var hún svohljóðandi: Eru lýðræðisleg, frjáls og sjálfstætt starfandi félög – Samþykkt
Spurning frá AISEC um skilgreiningar á hugtökunum *frjáls* og *sjálfstæð* þar sem samtökin eru hluti af alþjóðafélaginu. JPS sagði að bókhaldsleg skýring sé til um frjáls félagasamtök en ekki til nein önnur eða dýpri skýring á fjálsum félagasamtökum á Íslandi.

4. gr. f-lið: spurning um hvort *kynþáttur* og *þjóðerniuppruni* væri ekki það sama og hvort orðið *kynþáttur* ætti heima þarna. Skýrt að þetta sé byggt á þýðingum á mannréttindalögum.

4. gr. f-lið: spurt hvort ekki væri verið að mismuna eftir aldri ef sett er hámark á kjörgengi til stjórnar. Því svarað að svo telji laganefnd ekki vera heldur er eingöngu verið að tryggja að félaginu sé stjórnað af ungu fólki en engum er bannað að vinna fyrir það.

12. gr.: umræða skapaðist um það að sitjandi stjórn hafi ekki atkvæðisrétt á sambandsþingi. Stjórnarmaður getur þá ekki borið atkvæði síns félags komi til þess að hagsmunir félagsins eru á öndverðum meiði við LÆF. Þetta er hins vegar afar ólíklegt því að þá er væntanlega ekki grundvöllur fyrir aðild félagsins í LÆF Áhersla á að aðildafélögin mæti á þingin til að þau séu upplýst um stefnur og strauma í félaginu.

16. gr.: spurt var hvort það gengi upp að hafa 5 vikna frest til að boða til sambandsþings og að þing skuli þurfa að halda fyrir lok maí ef boða þarf til auka þings. Svarað að maí fresturinn gildi bara fyrir aðal sambandsþing en ekki auka sambandsþing. Lögmætið fyrir aukasambandsþingið er það sama þó að boða verði til þess og maífresturinn sé runninn út. Aðalmálið er að þriðjungur aðildafélaga mæti á aukasambandsþinginu og boðað til þess með löglegum hætti þ.e skriflegum.

23. gr.: Bent var á að samkvæmt tillögu laganefndar eru varamenn ekki boðaðir á fundi nema í fjarveru stjórnarmanna. Lagt til að varamenn séu boðaðir á alla fundi stjórnar. Ml. verður því: alþjóðafulltrúa og tveimur varamönnum sem skulu sitja stjórnarfundi með málfrelsi- og tillögurétt en atkvæðisrétt í fjarveru aðalfulltrúa. Samþykkt

28. gr.: Spurt var um setu framkvæmdastjóra á stjórnarfundum. Því komið á framfæri að stjórnarfundur er þó löglegur þó að frk.stj. mæti ekki. Sömu reglur gilda um hann eins og aðra stjórnarmenn en hér er eingöngu verið að skerpa á að hann sitji stjórnarfundi en stjórn heimilt að funda án hans ef þess þarf.

32. og 33. gr.: Spurt var hvort ekki þyrfti að hafa löggilda endurskoðendur ef við fáum fé af frjálögum. Skv. lögum er fjárupphæðin það lág að þess þarf ekki. Spurt var hvort það virkaði ekki fráhrindandi að félagið sé ekki með löggilda endurskoðendur út á við/fyrir fjárlaganefnd? Því svarað að kostnaðurinn við endurskoðun væri það mikill að ekki sé ráðlagt að binda það í lög að endurskoða reikninga en það er að sjálfsögðu má láta endurskoða bókhaldið. Skilyrði fyrir lítil félög er að hafa skoðunarmenn og bókara sem LÆF hefur. Spurt var hvort væri verið að hætta á það að loka fyrir styrki frá aðilum sem gera kröfu um að félagið hafi löggilda

endurskoðendur? Því svarað að svo teldi laganefnd ekki vera en það yrði tekið til skoðunar.

10. Kynning aðalfulltrúa í fulltrúaráði.

GDK fór yfir þá fulltrúa sem þegar hafa verið tilnefndi í fulltrúaráð. Þau eru Hjördís Jónsdóttir fyrir SÍNE, Ágústa Ósk Aronsdóttir fyrir URKÍ, Ragnar Sigurðsson fyrir FSHA, Sema Erla Serdar fyrir UJ og Sabine Leskopf fyrir AUS.

11. Kosning til stjórnar.

GDK fór yfir þá sem í framboði voru og kallaði eftir framboðum á fundinum. Í framboði voru Unnur Hjálmarsdóttir URKÍ til formmans, Rakel Brynjólfssdóttir KSH til ritara, Arnþór Gíslason SHÍ til alþjóðafulltrúa og Sindri Snær Einarsson SÍF til varaformanns. Voru þau sjálfkjörin.

Svava frá URKÍ lýsir áhuga á gjaldkerastöðunni en tilnefna skal aðeins einn fulltrúa frá hverju aðildafélagi. Ein túlkun hvort félag mætti styðja við framboð annarra í stjórn frá öðru félagi. Ef ekki fást fulltrúar getur stjórnin fundið aðra stjórnarmenn í auðu sætin. Nokkur umræða skapasti um þau lausu sæti sem enn voru í stjórn og því lagt til fyrir fundinn að stjórnin hafi það hlutverk að finna gjaldkera, 1. og 2. varamann án þess að boða til aukasambandsþings og nægir að stjórnin samþykki það að lögum félagsins uppfylltum. Þessi tillaga var samþykkt.

12. Kosning skoðunarmanna reikninga.

HTF sagði frá því að núverandi skoðunarmenn Kjartan Due Nielson og Þráinn Sigvaldson gæfu báðir kost á sér í áframhaldandi störf. Þeir kjörnin með lófataki.

13. Önnur mál.

- a. UH þakkar fráfarandi stjórn og frk.stj. fyrir vel unnin störf.
- b. JPS afhenti UH lykila að LÆF og þakkaði frk.stj. fyrir störfin á árinu.
- c. HTF benti á að hver sem er geti sótt um að komast á póstlistann LÆF og hvatti aðildarfélög til að áframsenda póstlistann á meðlimi sína.

14. Þingslit.

UH nýkjörin formaður LÆF sleit þinginu.

Fundargerð ritaði:

Eyrún Ellý Valsdóttir.